

Fimmtudaginn 5. febrúar 1998.

Nr. 2/1998.

**Alþýðusamband Íslands vegna
Sjómannasambands Íslands**

(Jóhann Halldórsson hdl.)

gegn

**Vinnuveitendasambandi Íslands
vegna Landssambands ísl. útvegsmanna**

(Jón H. Magnússon hdl.)

Ólögmætt verkban. Sératkvæði.

Dómur Félagsdóms.

Málið dæma Auður Þorbergsdóttir, Gylfi Knudsen, Ingibjörg Benediktsdóttir, Valgeir Pálsson og Vilhjálmur H. Vilhjálmsón.

Mál þetta, sem dómtekið var 2. þ.m., var þingfest 29. janúar sl.

Stefnandi er Alþýðusamband Íslands, kt. 420169-6209, Grensás-vegi 16a vegna Sjómannasambands Íslands, kt. 570269-2249, Borgartúni 18, Reykjavík.

Stefndi er Vinnuveitendasamband Íslands, kt. 700269-3029, Garðastræti 41, Reykjavík vegna Landssambands íslenskra útvegsmanna, kt. 420269-0649, Hafnarhvoli við Tryggvagötu.

Dómkröfur stefnanda:

Að dæmt verði að verkban það, sem stefndu hafa boðað og koma á til framkvæmda þann 09.02.1998, kl. 24:00, sé ólögmætt.

Að dæmt verði að stefndu hafi brotið ákvæði 14. og 15. gr. laga nr. 80/1938.

Að stefndu verði dæmdir til sektargreiðslu skv. 70. gr. laga nr. 80/1938, sbr. 14. og 15. gr. s.l.

Loks er þess krafist að stefndu verði gert að greiða stefnanda málskostnað samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi auk álags sem nemur virðisaukaskatti.

Dómkröfur stefnda:

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað að skaðlausu.

Málavextir.

Þann 19. janúar 1998 barst Sjómannasambandi Íslands bréf Landsambands íslenskra útvegsmanna þar sem boðað var til verkbanns á félagsmenn stefnanda. Í bréfi þessu kemur fram að ákveðið

hafi verið á fundi stjórnar LÍÚ og framkvæmdastjórnar VSÍ að láta fara fram póstatkvæðagreiðslu meðal félagsmanna LÍÚ um hvort boða ætti til verkbanns á félagsmenn stefnanda. Þá er tiltekið að niðurstaða atkvæðagreiðslunnar hefði verið sú að samþykkt væri að leggja verkbann á félagsmenn stefnanda sem hefjast myndi þann 9. febrúar 1998, kl: 24:00. Þess er getið að umrædd ákvörðun hafi verið tekin vegna verfallsboðunar Sjómannasambands Íslands en verkfall þess hófst þann 2. febrúar 1998.

Málsástæður og rökstuðningur stefnanda.

Af hálfu stefnanda er á því byggt að stefndu hafi verið óheimilt að taka ákvörðun um boðað verkbann með þeim hætti sem gert var.

Í 14. gr. laga nr. 80/1938 segi að heimilt sé stéttarfélögum, félögum atvinnurekenda og einstökum atvinnurekendum að gera verkföll og verkbönn. Þá segi í 15. gr. sömu laga að þegar félag atvinnurekenda ætlar að hefja vinnustöðvun þá sé hún því aðeins heimil að ákvörðun um hana hafi verið tekin með atkvæðagreiðslu félagsmanna. Samkvæmt þessu sé ljóst að það sé aðeins á valdi félaga atvinnurekenda að taka ákvörðun um atkvæðagreiðslu og þar með ákvörðun um lögmætt verkbann samkvæmt ákvæðum 14. og 15. gr. laga nr. 80/1938.

Sú ákvörðun um að láta atkvæðagreiðslu um verkbann fara fram, sem stjórn LÍÚ og framkvæmdastjórn VSÍ tóku, hafi ekki verið tekin af útvegsmannafélögum þeim er aðild eiga að LÍÚ. Í 1. mgr. 3. gr. samþykkta LÍÚ sé tiltekið að sambandið sé myndað af tilgreindum svæðisbundnum útvegsmannafélögum. Segi í 5. mgr. 3. gr. að einstakir útgerðarmenn geti ekki verið aðilar að LÍÚ nema sem félagar í útvegsmannafélögum. Samkvæmt ofangreindu hafi rétturinn til þess taka ákvörðun um, hvort atkvæðagreiðsla um að hefja vinnustöðvun færi fram, hvorki verið hjá stjórn LÍÚ né framkvæmdastjórn VSÍ, heldur hjá stjórnnum hinna níu (svo) útvegsmannafélaga sem mynda LÍÚ. Að mati stefnanda verða ákvæði 14. gr. laga nr. 80/1938 ekki skilin öðruvísi en svo, að umræddum aðildarfélögum LÍÚ hafi borið að taka sjálfstæða ákvörðun um hvort greiða skyldi atkvæði um verkbann hjá félagsmönnum, enda sé það viðurkennd túlkun á vinnulöggjöfinni að hvorki verkfalls- né verkbannsrétturinn verði framseldur.

Fyrirtæki þau, sem taka þátt í verkbanninu, séu meðlimir í Vinnuveitendasambandinu samkvæmt heimild í 3. mgr. 3. gr. laga

sambandsins. Samkvæmt heimild í 3. mgr. 61. gr. laga sambandsins sé þessum sömu aðilum heimilt að leggja á verkþann með samþykki framkvæmdastjórnar VSÍ. Slíka heimild sé ekki að finna í lögum um stéttarfélög og vinnudeilur nr. 80/1938. Þannig sé í raun byggt á því að Vinnuveitendasambandið starfi sem sjálfstætt atvinnurekendafélag. Að mati stefnanda er óheimilt að líta á stefnda, Vinnuveitendasambandið, sem félag atvinnurekenda í skilningi 14. og 15. gr. laga nr. 80/1938. Væri slíkt skipulag í beinni andstöðu við ákvæði laga nr. 80/1938 og augljóst, að eini tilgangur þessa væri að sniðganga ákvæði 14. og 15. gr. umræddra laga.

Grundvöllur réttinda aðila þessa máls sé ákvarðaður í lögum nr. 80/1938. Til þess að VSÍ nyti þeirra réttinda sem skilgreind eru í 14. gr. 1. nr. 80/1938 yrði í öndverðu að skilgreina VSÍ sem félag í skilningi laga nr. 80/1938 og þá væntanlega sem félag atvinnurekenda. Þegar fjallað er um félög í lögum nr. 80/1938 sé augljóst að þar sé aðeins átt við þau félög sem fara með samningsrétt fyrir hönd félagsmanna sinna. Í 1. mgr. 5. gr. laga nr. 80/1938 komi fram að stéttarfélag eru lögformlegur samningsaðili um kaup og kjör meðlima sinna. Af þessu leiði að lögformlegir samningsaðilar f.h. atvinnurekenda séu félög atvinnurekenda eða þeir sjálfir ef þeir eru ekki í slíku félagi. Sú staðreynd að samningsrétturinn sé í höndum félaga atvinnurekenda sé reyndar staðfest með óbeinum hætti í 2. mgr. 5. gr. þar sem fjallað er um umboð samninganefnda og fyrirsvarsmanna samningsaðilanna og réttinn til að framselja samningsumboð. Reyndar sé það óumdeild túlkun á lögum nr. 80/1938 að öll réttindi og skyldur sem felast í ákvæðum laganna skuli verka eins gagnvart öllum aðilum vinnumarkaðarins. Hljóti réttarstaðan því ávallt að vera sambærileg að þessu leyti. Hvort sem í hlut eigi stéttarfélag eða félag atvinnurekenda þá sé ljóst að tilvist félagsins byggir á þeirri staðreynd að félagið fari samkvæmt lögum með samningsréttinn f.h. félagsmanna sinna. Þar sem handhöfn samningsréttarins sé forsenda þess að félag verði talið félag atvinnurekenda í skilningi laga nr. 80/1938 sé augljóst að VSÍ geti ekki talist félag atvinnurekenda í skilningi laga nr. 80/1938 né notið þeirra réttinda sem kveðið er á um í 14. gr. laganna.

Fyrir utan skýr ákvæði 5. gr. 1. nr. 80/1938 sé nærtækast í þessu sambandi að líta til laga VSÍ. Í 52. gr. laga VSÍ segi orðrætt „Með aðild að Vinnuveitendasambandi Íslands fela aðildarfélög þess, svo

og einstakir meðlimir, því umboð til að gera alla kjarasamninga fyrir sína hönd.“. Það sé augljóst að í þessu felist að samningsrétturinn sé hjá félögum atvinnurekenda. Þau geti hins vegar framselt þennan rétt samkvæmt umboði til VSÍ. Lög VSÍ hafi enga sjálfstæða þýðingu í máli þessu. Réttindi aðila séu afmörkuð í lögum nr. 80/1938 og engu skipti hvað fram komi í lögum aðilanna sjálfra enda ljóst að ella gætu þeir skammtað sér réttindi á vinnumarkaði að vild.

Að mati stefnanda verður og að líta til meginmarkmiða laga nr. 75/1996 en þau hafi einmitt verið að styrkja stöðir grunneininganna í skipulagi vinnumarkaðarins. Þannig hafi átt að tryggja að veigameiri ákvarðanataka, sem varðaði kjör og hag félagsmanna, færi fram í félögunum sjálfum. Þannig hafi t.d. heimildir trúnaðarráða verkaldýðsfélaga og sambandsstjórnar VSÍ til ákvarðanatöku um vinnustöðvanir verið felldar úr gildi. Samkvæmt hinni nýju löggjöf verði slíkar veigameiri ákvarðanir ekki teknar nema með fulltingi félaganna að undangenginni atkvæðagreiðslu félagsmanna sjálfra. Kjarni málsins sé sá að með þessum nýju lögum hafi verið staðfest heimild stéttarfélaga til þess að framselja samningsréttinn en jafnframt áréttuð sú grundvallarregla vinnuréttarins að rétturinn til að gera vinnustöðvun sé óframseljanlegur.

Af öllu framansögðu sé ljóst að kjarni málsins sé, að VSÍ geti ekki, hvorki samkvæmt lögum nr. 80/1938 né samkvæmt sínum eigin lögum, talist félag atvinnurekenda þar sem samningsrétturinn sé ekki í höndum sambandsins sjálfs. Þannig sé augljóst, að VSÍ njóti ekki þeirra réttinda, sem skilgreind eru í 14. gr. laga nr. 80/1938, til handa félögum atvinnurekenda. Framkvæmdastjórn VSÍ og stjórn LÍÚ sé óheimilt að taka sjálfstæða ákvörðun um að gera verkþátt. Sá réttur, að ákvarða atkvæðagreiðslu um vinnustöðvun meðal félagsmanna sinna, tilheyri aðeins grunneiningum, félögum atvinnurekenda í þessu tilfelli, enda séu það þau sem fari með samningsréttinn, sbr. 5. gr. laga nr. 80/1398.

Samkvæmt þeirri hugmyndafræði sem lögð sé til grundvallar í vinnulöggjöfinni séu þær heimildir og skyldur, sem félögum annars vegar og samtökum þeirra hins vegar eru áskildar, ólíkar og geti ekki verið á sömu hendi. Þannig standist ekki að sami félagsskapur sé bæði félag og samband í skilningi vinnulöggjafarinnar. Slík túlkun gæti leitt til þess að óvissa skapaðist um hver færi með verkþáttaréttinn á hverjum tíma. Loks beri að líta til þess að það sé

órökrétt að VSÍ geti verið hvorttveggja í senn, félag atvinnurekenda og jafnframt samband slíkra félaga enda væri félagið þá sitt eigið samband og öfugt.

Með hliðsjón af öllu ofansögðu er það mat stefnanda að verk-bann það, sem stefndi hefur boðað, að koma skuli til framkvæmda þann 9. febrúar 1998, kl. 24:00, sé ólöglegt. Þá telur stefnandi ljóst að með greindu framferði þá hafi stefndi brotið gegn ákvæðum laga nr. 80/1938 með þeim hætti að það varði stefnda sektum samkvæmt 70. gr. s.l.

Málsástæður og rökstuðningur stefnda.

Stéttarfélag fiskimanna skiptist í fjóra meginhópa, aðildarfélag SSÍ, aðildarfélag Alþýðusambands Vestfjarða, aðildarfélag Far-manna- og fiskimannasambands Íslands og félag vélstjóra. Af hálfu vinnuveitenda hafi forystumenn LÍÚ, á sama hátt og áður, borið hitann og þungann af viðræðum þeim sem átt hafa sér stað við stétt-arfélögin. Meginkrafta vinnuveitenda hafi verið að samið verði við öll stéttarfélag fiskimanna á sama tíma. Meginástæða þess sé að launakerfi fiskimanna sé hlutaskiptakerfi, þar sem áhöfn og útgerð skipti með sér verðmæti afla. Hlutur áhafnar skiptist eftir ákveðn-um hlutföllum og innbyrðis hlutföll einstakra hópa séu ákveðin í kjarasamningum hópanna. Vinnuveitendur hafi viljað taka hluta-skíptakerfið til endurskoðunar og ekki talið fært að gera það nema samkomulag yrði um það við alla hópana samtímis. Vélstjórafélögin hafi m.a. gert kröfu um það að hlutur vélstjóra á stærri fiskiskipum hækkaði sérstaklega og hafi boðað verkfall til stuðnings kröfunni, sem hafi ekki verið studd af stéttarfélögum annarra sjómanna. Þá hafi verið samþykkt í atkvæðagreiðslu í stéttarfélögum innan FFSÍ og SSÍ að hefja verkfall á fiskiskipaflotanum 2. febrúar 1998. Nauð-synlegt hafi verið talið að grípa til varnaraðgerða og hafi stjórn LÍÚ samþykkt að fram færi atkvæðagreiðsla meðal útgerðarmanna fiski-skipa um hvort leggja eigi verk-bann á alla hópa skipverja á fiski-skipum. Framkvæmdastjórn VSÍ hafi samþykkt tillögu stjórnar LÍÚ og farið hafi fram atkvæðagreiðsla um boðun verk-banns, sem hefj-ast eigi 9. febrúar. Verkbann hafi verið samþykkt með afgerandi hætti í atkvæðagreiðslu útvegsmanna og hafi SSÍ verið tilkynnt um niðurstöðu atkvæðagreiðslu um verk-bannið þann 19. janúar 1998 með bréfi, dags. 19. janúar 1998.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því að ákvörðun um verk-bann

það sem tilkynnt var SSÍ þann 19. janúar 1998 hafi verið löglega tekin og tilkynnt í samræmi við 14., 15. og 16. gr. laga um stéttarfélög og vinnudeilur nr. 80/1938, sbr. lög nr. 75/1996. Mótmælt er fullyrðingum í stefnu um að rétturinn til að taka ákvörðun um atkvæðagreiðslu um verkban s é einungis hj á stjórn um einstakra útvegsman nafélaga en hvorki hj á stjórn LÍÚ né framkvæmdastjórn VSÍ. Þá er því mótmælt að lög VSÍ stangist á við lög nr. 80/1938.

Einstakar útgerðir fiskiskipa eigi aðild að svæðisbundnu útvegsman nafélagi, skv. 2. gr. samþykkt LÍÚ. Félögin setji sér sjálf samþykktir skv. 4. gr., en ekkert ákvæði þeirra brjóti í bága við samþykktir LÍÚ. Sé því félagið og aðildarfyrirtæki þess háð samþykktum LÍÚ, eins og þær eru á hverjum tíma, sbr. 3. gr. samþykkt útvegsman nafélaga. Samkvæmt niðurlagi 2. gr. samþykkt LÍÚ sé LÍÚ deild í VSÍ og í 3. gr. laga VSÍ sé tilgreint að einstakir vinnuveitendur, sem félagsbundnir séu í einhverju aðildarfélagi sambandsins, svo og þeir vinnuveitendur sem beina aðild eiga að sambandinu, teljist meðlimir sambandsins. Fari því ekki á milli mála að útgerðarfyrirtæki sem eru innan LÍÚ séu meðlimir í VSÍ. Fyrirtækin geti verið í mörgum félögum, ef svo megi segja, þar á meðal VSÍ. Með aðild að VSÍ skuldbindi þau sig til að fara eftir lögum VSÍ í þeim málum sem VSÍ lætur til sín taka, svo sem við gerð kjarasamninga og í vinnudeilum.

Í samræmi við ákvæði 7. gr. laga VSÍ skuldbindi einstök fyrirtæki og aðildarfélög VSÍ sig, með inngöngu í VSÍ, að hlíta ákvæðum laga VSÍ, svo og ákvörðunum og samþykktum sem á þeim byggjast. Samkvæmt því séu bæði LÍÚ og einstök útgerðarfyrirtæki innan LÍÚ skuldbundin til þess að fara eftir gildandi lögum VSÍ. Með aðild að VSÍ feli aðildarfélög þess, svo og einstakir meðlimir þess, því umboð til að gera alla kjarasamninga fyrir sína hönd, sbr. 52. gr. laga VSÍ. Á grundvelli þess, og í samræmi við 23. gr. vinnulöggjafarinnar, hafi viðræðuáætlun frá 22. okt. 1996 verið gerð. Samningaráð VSÍ ákveði hverju sinni hvernig haga skuli forsvari af hálfu VSÍ við gerð kjarasamninga við stéttarfélög eða sambönd þeirra, sbr. 53. gr. laga VSÍ. Umboð til gerðar kjarasamnings, dags. 11. des. 1997, hafi verið gefið út í samræmi við það og kynnt viðsejendum og ríkissáttasemjara.

Fullyrðingar stefnanda um að einungis einstök útvegsman nafélög hafi rétt til þess að taka ákvörðun um hvort atkvæðagreiðsla um

verkbann fari fram gangi þvert á skipulag samtaka atvinnurekenda og viðurkenning á slíkri kröfu fæli í sér grófa íhlutun í sjálfsákvörðunarrétt félaga og styðjist ekki við lög nr. 80/1938. Samkvæmt 3. gr. laganna ráði stéttarfélög málefnum sínum sjálf með þeim takmörkunum sem sett eru í lögnum. Aðalreglan sé því sú að stéttarfélög ráði sjálf innri málefnum sínum og félagsmönnum sé skylt að hlýða félagslögum og fundarsamþykktum sem gerðar eru með löglegum hætti. Því er mótmælt sem röngu og ósönnuðu að strangari reglur gildi um félög atvinnurekenda. Félög atvinnurekenda á borð við LÍÚ og VSÍ, sem séu frjáls félagasamtök, hafi rétt til að skipa sjálf málefnum sínum. Ef ætti að takmarka þennan rétt yrði að gera það með skýrum ákvæðum í lögnum. Lög VSÍ brjóti á engan hátt í bága við lög nr. 80/1938 og með aðild að VSÍ hafi félagsmenn ákveðið að fela VSÍ umboð til kjarasamningsgerðar. VSÍ setji fram kröfur í samningaviðræðum og fylgi þeim eftir með verkbanni, ef þurfa þykir, að undangenginni atkvæðagreiðslu meðal félagsmanna. Þau fyrirtæki sem vilja vera óháð og sjá alfarið um sín mál sjálf standi utan samtaka, en þau sem ganga í VSÍ skuldbindi sig til þess að fara að lögum VSÍ. Þessu sé þveröfugt farið hjá stefnanda þar sem samningsrétturinn sé í höndum einstakra stéttarfélaga en ekki á hendi eins aðila eins og hjá stefnda. Sama megj segja þegar kemur að ákvarðanatöku um vinnustöðvun. Með lögum nr. 75/1996 hafi engin breyting verið gerð á 14. gr. laga nr. 80/1938, en meginbreytingar hafi orðið á 15. gr. og hafi lög VSÍ verið löguð m.a. að þeim breytingum í desember 1996. Fyrir breytinguna 1996 hafi trúnaðarmannaráð stéttarfélaga og samsvarandi ráð samtaka vinnuveitenda haft heimild til þess að ákveða vinnustöðvun ef lög viðkomandi félags fólu trúnaðarmannaráðinu slíkt vald, sbr. 15. gr. laga nr. 80/1938. Sambandsstjórn VSÍ hafi haft stöðu trúnaðarmannaráðs í þessu tilliti, skv. 33. gr. eldri laga VSÍ. Hafi það aldrei verið dregið í efa fyrir breytingu á vinnulöggjöfinni 1996 að VSÍ hefði skv. 14. og 15. gr. laga nr. 80/1938 heimild til þess að leggja á verkbann eftir ákvörðun sambandsstjórnar VSÍ og sé VSÍ því félag atvinnurekenda í skilningi 14. gr. vinnulöggjafarinnar.

Með breytingu á 15. gr. vinnulöggjafarinnar 1996 hafi verið felldar niður heimildir trúnaðarmannaráða stéttarfélaga og sambandsstjórnar VSÍ til þess að taka ákvörðun um vinnustöðvun. Markmið lagabreytingarinnar hafi einkum verið það, eins og lýst sé í greinar-

gerð, að tryggja aukið lýðræði, leynilega atkvæðagreiðslu og lágmarkspátttöku við atkvæðagreiðslu um vinnustöðvun. Engin breyting hafi verið gerð á 14. gr. laganna og hafi því sömu aðilar og áður, stéttarfélög og félög vinnuveitenda, heimild til þess að gera verkföll og verkbönn sé ákvörðun tekin í samræmi við ákvæði nýrrar 15. gr.

Í greinargerð með breytingu á 15. gr. segi m.a. að fram hafi komið gagnrýni á það hversu fáir komi að afgreiðslu samninga og að ákvörðun um verkbönn í samtökum atvinnurekenda. Þar hafi til-
tölulega fámennar stjórnir farið með allt vald í þessu efni og verið taldar jafngilda trúnaðarmannaráðum stéttarfélaga með hliðstæðar heimildir til boðunar vinnustöðvana. Frumvarpinu sé m.a. ætlað að breyta þessari skipan. Samkvæmt því þurfi að bera meiri háttar ákvarðanir undir atkvæði samkvæmt atkvæðaskrár hlutaðeigandi samtaka. Markmið reglnanna sé að tryggja að raunverulegur stuðningur sé við svo mikilvæga ákvörðun sem boðun vinnustöðvunar sé. Ekki sé ætlunin að torvela félögum boðun vinnustöðvana heldur að tryggja lýðræðislega umfjöllun um slíka tillögu. Kjarninn í breytingu á 15. gr. sé sá að fram komi vilji hins almenna félagsmanns þegar verið sé að taka svo alvarlega ákvörðun sem vinnustöðvun sé. Ef vinnustöðvun sé eingöngu ætlað að taka til hluta félagsmanna eða eins fyrirtækis sé skv. 2. mgr. heimilt að taka ákvörðun þar um með atkvæðagreiðslu hlutaðeigandi félagsmanna.

Í desember 1996 hafi verið gerðar verulegar breytingar á lögum VSÍ til að samræma lögin við breytingar sem voru gerðar á vinnulöggjöfinni með lögum nr. 75/1996. Til samræmis við nýja 15. gr. vinnulöggjafarinnar hafi orðið verulegar breytingar á XIV. kafla laganna sem fjallar um vinnustöðvanir. Í 1. mgr. 61. gr. sé nú vísað beint til 15. gr. laga um stéttarfélög og vinnudeilur varðandi ákvörðun verkbanns. Í samræmi við 61. gr. hafi framkvæmdastjórn VSÍ samþykkt að fram færi leynileg atkvæðagreiðsla um verkbann. Atkvæðisrétt hafi haft eigendur þeirra fiskiskipa sem verkbannið ætti að ná til og atkvæðaskrá byggð á greiddum árgjöldum fyrirtækjanna til VSÍ í samræmi við 22. gr. laga VSÍ. Atkvæðaseðlar hafi verið útbúnir af VSÍ, viðhöfð var póstatkvæðagreiðsla, atkvæði talin þann 19. janúar sl. og niðurstaða tilkynnt samningsaðilum og ríkissátta-
semjara samdægurs.

Ákvörðun um verkbann hafi verið tekin af þar til bærum félagsmönnum VSÍ og LÍÚ í leynilegri atkvæðagreiðslu. Að fenginni

niðurstöðu atkvæðagreiðslu hafi verið ákveðið að LÍÚ tæki að sér að tilkynna hana viðkomandi aðilum, þar sem gætt væri sérákvæða greinar 1.38. í kjarasamningi LÍÚ og SSÍ um 21 dags fyrirvara á boðun vinnustöðvunar. SSÍ hafi verið tilkynnt um niðurstöðu atkvæðagreiðslu um verkbannið þann 19. janúar 1998 með bréfi sama dag.

Stefndi hafi í einu og öllu gætt ákvæða 15. og 16. gr. vinnulöggjafarinnar við ákvarðanatöku, framkvæmd atkvæðagreiðslu og tilkynningu um verkbann. Atkvæðagreiðsla hafi verið leynileg, sbr. 1. mgr. 15. gr. Þeir sem verkbannið snerti höfðu atkvæðisrétt, sbr. 2. mgr. 15. gr., og á atkvæðaseðli hafi komið skýrt fram til hverra verk-bannið ætti að taka og hvenær það ætti að hefjast, sbr. 3. mgr. 15. gr. Niðurstæða atkvæðagreiðslu hafi verið tilkynnt sáttasemjara og þeim sem hún beinist gegn, sbr. 16. gr.

Niðurstæða.

Samkvæmt 14. laga nr. 80/1938 um stéttarfélag og vinnudeilur er stéttarfélagum, félagum atvinnurekenda og einstökum atvinnurekendum heimilt að gera verkföll og verkbönn í þeim tilgangi að vinna að framgangi krafna sinna í vinnudeilum og til verndar rétti sínum samkvæmt lögum þessum með þeim skilyrðum og takmörkunum einum sem sett eru í lögum. Í 15. gr. laganna, sbr. 3. gr. laga nr. 75/1996, er m.a. kveðið á um með hvaða hætti ákvörðun um vinnustöðvun skuli tekin og í 16. gr. er fjallað um boðun vinnustöðvunar.

Af hálfu stefnda er á því byggt að Vinnuveitendasamband Íslands teljist félag atvinnurekenda í skilningi 14. og 15. gr. laga nr. 80/1938 og hafi því haft heimild til að taka ákvörðun um að atkvæðagreiðsla um hið umdeilda verk-bann færi fram. Verkbann sem síðan var boðað með bréfi Landssambands íslenskra útvegsmanna, dags. 19. janúar 1998.

Með lögum nr. 75/1996 voru ýmsar breytingar gerðar á lögum nr. 80/1938, þar á meðal ákvæðum II. kafla laganna sem fjallar um verkföll og verkbönn. Í athugasemdum með frumvarpi því, sem varð að lögum nr. 75/1996, kemur víða fram að markmið breytinganna var að bæta samskiptareglur á vinnumarkaði, auka lýðræði og draga úr miðstýringu svo og að tryggja að vandað væri til afgreiðslu kjarasamninga og ákvarðana um vinnustöðvanir. Þá kemur fram skýrt stefnumið um jafnræði milli aðila vinnumarkaðarins. Að því er varðar vinnustöðvanir sérstaklega segir m.a. svo í almennum at-

hugasemdum með frumvarpinu: „Félagsmenn taka ákvörðun um vinnustöðvun í beinni atkvæðagreiðslu. Heimildir samninganefndar og félagsstjórnar eða trúnaðarmannaráðs samtaka atvinnurekenda eða stéttarfélaga eiga því ekki lengur við.“ Í athugasemdum með 4. gr. frumvarpsins, en grein þessi varð 3. gr. laga nr. 75/1996 og breytti 15. gr. laga nr. 80/1938, segir svo um breytingar á tilhögun á ákvörðunartöku um vinnustöðvun að því er snertir atvinnurekendur: „Fram hefur komið gagnrýni á það hversu fáir koma að afgreiðslu samninga og að ákvörðun um verkbönn í samtökum atvinnurekenda. Þar hafa tiltölulega fámennar stjórnir farið með allt vald í þessu efni og verið taldar jafngilda trúnaðarmannaráðum stéttarfélaga með hliðstæðar heimildir til boðunar vinnustöðvana. Frumvarpinu er m.a. ætlað að breyta þessari skipan. Samkvæmt því þarf að bera meiri háttar ákvarðanir undir atkvæði samkvæmt atkvæðaskrá hluðaðaigandi samtaka“. Þá kemur almennt fram í athugasemdunum að ekki sé „ætlunin að torvela félögum boðun vinnustöðvana heldur að tryggja lýðræðislega umfjöllun um slíka tillögu“.

Samkvæmt framansögðu voru með lögum nr. 75/1996 felldar niður heimildir samninganefnda og félagsstjórna svo og trúnaðarmannaráða stéttarfélaga og samtaka atvinnurekenda til að ákveða vinnustöðvun.

Í lögum nr. 80/1938 er stéttarfélögum og félögum atvinnurekenda markað ákveðið hlutverk og veittar ákveðnar heimildir, þ. á m. „að gera verkföll og verkbönn“, sbr. 14. gr., og „hefja vinnustöðvun“, sbr. 15. gr. Sambönd stéttarfélaga og atvinnurekendafélaga hafa svo annað hlutverk samkvæmt lögnum, sbr. t.d. 23. og 45. gr. þeirra. Lögin gera þannig ráð fyrir bæði félögum og samböndum og gera mun þar á með tilliti til hlutverka og viðfangsefna.

Vinnuveitendasamband Íslands er heildarsamtök atvinnurekenda á Íslandi, sbr. II. kafla félagslaga þess. Þar er tekið fram í 1. tölulið 1. mgr. 3. gr. að félög í ákveðinni atvinnugrein geti átt aðild að Vinnuveitendasambandinu. Meðal þessara aðildarfélaga Vinnuveitendasambands Íslands eru 11 staðbundin útvegsmannafélög sem mynda Landssamband íslenskra útvegsmanna, sbr. 1. mgr. 3. gr. samþykktar þeirra samtaka. Þau samtök teljast svo deild í Vinnuveitendasambandi Íslands samkvæmt lokamálsgrein 2. gr. samþykktanna.

Telja verður einsýnt að fyrrgreind útvegsmannafélög séu félög at-

vinnurekenda í skilningi 14. og 15. gr. laga nr. 80/1938 og hafi þannig heimild til að ákveða og leggja á verkþann.

Samkvæmt 61. gr. félagslaga Vinnuveitendasambands Íslands skal um ákvörðun verkþanns fara samkvæmt 15. gr. laga um stéttarfélög og vinnudeilur. Samkvæmt 2. og 3. mgr. þessarar greinar félagslaganna er það hins vegar háð samþykki framkvæmdastjórnar Vinnuveitendasambandsins hvort fram fari atkvæðagreiðsla meðal félagsaðila, þ. á m. aðildarfélaga, og verkþann verði lagt á. Hin einstöku útvegsmannafélög geta því ekki sjálf á eigið eindæmi ákveðið atkvæðagreiðslu um verkþann og lagt það á.

Það er álit dómsins að þessi ákvæði félagslaga Vinnuveitendasambands Íslands geti ekki samþýðst ákvæðum 14. og 15. gr. laga nr. 80/1938, en túlka ber þessi lagaákvæði samkvæmt orðanna hljóðan í ljósi tilgangs löggjafans með breytingum þeim sem gerðar voru með lögum nr. 75/1996 og fyrr er lýst.

Í samræmi við framangreint er tekin til greina sú krafa stefnanda að dæmt verði að verkþann það, sem stefndi hefur boðað og koma á til framkvæmda þann 9. febrúar 1998 kl. 24:00, sé ólöglegt.

Þegar atvik málsins eru virt þykja ekki efni til þess að dæma stefnda til greiðslu sektar samkvæmt 70. gr. tilvitnaðra laga.

Stefndi greiði stefnanda málskostnað sem telst hæfilega ákveðinn 150.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Verkþann það sem Landssamband íslenskra útvegsmanna hefur boðað til og koma á til framkvæmda 9. febrúar 1998, kl. 24:00 er ólöglegt.

Með ákvörðun um verkþannið braut stefndi ákvæði 14. og 15. gr. laga nr. 80/1938, sbr. lög nr. 75/1996.

Stefndi, Vinnuveitendasamband Íslands vegna Landssambands íslenskra útvegsmanna, greiði stefnanda, Alþýðusambandi Íslands vegna Sjómannasambands Íslands, 150.000 krónur í málskostnað.

S é r a t k v æ ð i Valgeirs Pálssonar.

Málatilbúnað sinn byggir stefnandi á því að hann telur Vinnuveitendasamband Íslands ekki vera félag atvinnurekenda í skilningi 14. og 15. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur. Framkvæmdastjórn Vinnuveitendasambandsins hafi því ekki haft heimild til að taka ákvörðun um að efna til atkvæðagreiðslu um hið umdeilda verkþann.

Í niðurlagi 2. gr. samþykkt Landssambands íslenskra útvegs-
manna segir að sambandið sé deild í Vinnuveitendasambandi Ís-
lands. Þá segir í 5. mgr. 3. gr. samþykktanna að einstakir útvegs-
menn geti ekki verið aðilar að L.Í.Ú. nema sem félagar í útvegs-
mannafélögum. Í 2. mgr. 3. gr. laga Vinnuveitendasambands Íslands
segir að meðlimir staðbundinna vinnuveitendafélaga, sem ekki eru
meðlimir atvinnugreinafélaga, teljist vera beinir meðlimir sam-
bandsins. Einnig segir í 3. mgr. að einstakir vinnuveitendur sem fé-
lagsbundnir eru í einhverju aðildarfélag sambandsins svo og þeir
vinnuveitendur sem beina aðild eiga að sambandinu teljist vera
meðlimir sambandsins. Samkvæmt 1. mgr. 61. gr. laga sambandsins
skal um ákvörðun verkþanns fara eftir ákvæðum 15. gr. laga um
stéttarfélög og vinnudeilur. Í 2. mgr. sömu greinar segir að meiri-
hluti framkvæmdastjórnar Vinnuveitendasambandsins geti lagt til
að atkvæðagreiðsla um verkþann fari fram meðal félagsmanna og
ákveði hversu víðtækt verkþann skuli vera. Getur framkvæmda-
stjórnin þannig einskorðað atkvæðagreiðslu við þau aðildarfélög
eða fyrirtæki sem verkþanni er ætlað að taka til. Aðildarfélögum,
einstökum meðlimum aðildarfélaga svo og beinum meðlimum sam-
bandsins er veitt heimild í 3. mgr. téðrar lagagreinar að leggja á
verkþann, ef meirihluti framkvæmdastjórnarinnar er því samþykk-
ur.

Í 14. gr. laga nr. 80/1938 segir að stéttarfélögum, félögum atvinnu-
rekenda og einstökum atvinnurekendum sé heimilt að gera verkföll
og verkþönn í þeim tilgangi að vinna að framgangi krafna sinna í
vinnudeilum með þeim skilyrðum og takmörkunum einum sem sett
eru í lögum. Lagagrein þessi hefur verið óbreytt frá öndverðu. Ekki
er vitað til þess að áður hafi verið bornar á það bríðður að Vinnu-
veitendasamband Íslands teljist vera félag atvinnurekenda, þegar

reynt hefur á lögmæti verkanna fyrir Félagsdómi, sbr. Fd. VI:163 og Fd. IX:88. Verður ekki annað ráðið en sá skilningur hafi verið ríkjandi til þessa að Vinnuveitendasambandið hafi í raun haft heimild til að taka ákvörðun um verkban.

Með 3. gr. laga nr. 75/1996 um breytingu á lögum nr. 80/1938 voru gerðar verulegar breytingar á 15. gr. laganna. Í athugasemdum með 4. gr. frumvarpsins að lagabreytingunni, sem varð að 3. gr. laganna, kemur fram að formkröfum til þess að standa að boðun lögmætrar vinnustöðvunar sé breytt töluvert frá gildandi lögum, þ.e. 15. gr. laganna eins og hún var fyrir lagabreytinguna. Sé valin sú leið að gera það að ótvíræðri aðalreglu að vinnustöðvun sé aðeins boðuð að fengnu samþykki félagsmanna í leynilegri allsherjaratkvæðagreiðslu félagsmanna. Þá segir svo í frumvarpinu um 4. gr., orðrétt: „Fram hefur komið gagnrýni á það hversu fáir koma að afgreiðslu samninga og að ákvörðun um verkbönn í samtökum atvinnurekenda. Þar hafa tiltölulega fámennar stjórnir farið með allt vald í þessu efni og verið taldar jafngilda trúnaðarmannaráðum stéttarfélaga með hliðstæðar heimildir til boðunar vinnustöðvana. Frumvarpinu er m.a. ætlað að breyta þessari skipan. Samkvæmt því þarf að bera meiri háttar ákvarðanir undir atkvæði samkvæmt atkvæðaskrá hlutaðeigandi samtaka. Þetta er hliðstæður háttur og hafður er á í Danmörku þar sem samtök atvinnurekenda þurfa að taka afstöðu til miðlunartillagna samkvæmt atkvæðaskrá sem gildir á aðalfundi hlutaðeigandi samtaka.“ Ennfremur segir að markmið þeirra reglna sem umrædd lagagrein hefur að geyma sé að tryggja að raunverulegur stuðningur sé við svo mikilvæga ákvörðun sem boðun vinnustöðvunar er. Með umræddri breytingu á 15. gr. laga nr. 80/1938 er ótvírætt að vilji löggjafans stóð einvörðungu til þess að því aðeins skyldi heimilt að hefja verkban að ákvörðun um það hafi verið tekin við almenna leynilega atkvæðagreiðslu í hlutaðeigandi samtökum eftir nánari fyrirmælum í lagagreininni. Þannig verður ekki séð að með lagabreytingunni hafi átt að taka af atvinnurekendum þann rétt að ákveða innan sinna eigin vébanda hvernig standa skuli að ákvörðun um atkvæðagreiðslu, enda verður að telja að sjálfsákvörðunarréttur þeirra í þessum efnum sé varinn í 74. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, sbr. 12. gr. laga nr. 97/1995 um breytingu á henni, og í 11. gr. mannréttindasáttmála Evrópu sem lögfestur var hér á landi með lögum nr. 62/1994.

Þau útgerðarfyrtæki, sem atkvæði greiddu um hið umdeilda verkþann, teljast skv. fyrrgreindri 3. mgr. 3. gr. laga Vinnuveitendasambands Íslands vera beinir meðlimir sambandsins. Ekki liggur fyrir í málinu að þeir meðlimir sambandsins, sem verkþannið skyldi ná til, hafi viljað taka ákvörðun um það með öðrum hætti en gert var.

Með lögum nr. 9/1948 víðvíkjandi nafnbreyting Vinnuveitendafélags Íslands var staðfest að ákvæði í þágildandi löggjöf, þ. á m. lögum nr. 80/1938, skyldu gilda jafnt um þennan félagsskap þótt nafni félagsins væri breytt og það nefnt Vinnuveitendasamband Íslands. Í greinargerð með frumvarpi að lögum þessum kemur fram að markmið laganna væri „að tryggja það, að nafnbreytingin verði eigi til þess að draga úr réttindum félagsins samkvæmt löggjöf landsins“. Með vísan til þessa verður ekki hjá því komist að telja Vinnuveitendasamband Íslands vera félag atvinnurekenda í skilningi 14. og 15. gr. laganna um stéttarfélög og vinnudeilur og af þeim sökum verði bært til að taka ákvörðun um verkþann á þann veg sem gert var. Ákvörðun um verkþannið var tekin í samræmi við ákvæði 61. gr. laga Vinnuveitendasambandsins og ekki verður séð að hún hafi brotið í bága við 15. gr. laga nr. 80/1938. Í ljósi þess sem að framan er rakið verður atkvæði mitt að telja beri ákvörðunina lögmæta og beri því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda, þ. á m. um greiðslu sektar. Eftir þessum málsúrslitum er rétt að stefnandi greiði stefnda 150.000 krónur í málskostnað.
